

Nd.

424. Nefndarátt

um tillögu til þingsályktunar um heimild handa landsstjórninni til þess að greiða hjeraðslæknum og aðstoðarlæknum dýrtíðaruppbót af aukatekjum þeirra.

Frá fjárveitinganefnd.

Úr því hv. deild hefir sýnt það með atkvæðagreiðslu, að hún vill ekki fara þá leið til þess að bæta viðunanlega kjör lækna, sem nefndinni leist best, en nefndin hins vegar álitur naumast fullnægjandi þá bót, sem farið er fram á í frv. um bráðabirgðalaunabætur embættismanna, þá vill hún gefa háttv. deild færi á að sýna, hverja leið hún vill fara af þeim, sem fram hafa komið. Vill því nefndin leggja þessa tillögu fyrir háttv. deild, án þess hún leggi nokkuð til um samþykki hennar, enda hafa nefndarmenn þar um óbundin atkvæði.

Alþingi, 29. júní 1918.

Pjetur Jónsson,
formaður.

Magnús Pjetursson,
skrifari og framsögum.

Sigurður Stefánsson.

Matth. Ólafsson.

Jón Jónsson,
(með fyrirvara).

Bjarni Jónsson,
frá Vogu.

Þorleifur Jónsson.